

TRAS

Eitt af stóru verkefnum barnanna okkar er að tileinka sér tungumálið. Góður málproski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun.

Stundum höfum við það samt á tilfinninguni að eitthvað vanti upp á málþroskann en getum ekki sett fingurinn á það, eins er gott að fá það staðfest að allt sé í góðu lagi og þar kemur að TRAS skráningarlistanum.

Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi og snemmtæka íhlutun í huga.

TRAS (norska: Tidlig registrering af språkuvikling) er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Listinn er upprunalega kominn frá sérfræðingum við norska háskóla og sérkennslustofnanir og er notkun hans nú orðin útbreidd á Norðurlöndunum. TRAS skráningarlistinn hefur verið þýddur og staðfærður fyrir íslenskar aðstæður.

Markmið með TRAS skráningarlistanum er:

- Að unnt sé að grípa inn með skjóta og markvissa aðstoð ef grunur vaknar um frávik.
- Að reynt sé að fyrirbyggja að önnur vandamál komi upp sem tengjast því að barn hafi ekki fengið aðstoð vegna málþroskafrávika.

TRAS skráningarlistinn er ekki málþroskaþróf heldur athugun í skráningarformi á málhegðun hjá börnum á ákveðnum aldri.

Skráningin hefst þegar barnið er rúmlega tveggja ára og lýkur við fimm ára aldur. Tvisvar á ári, með sex mánaða millibili skráir leikskólakennari á skráningarblöð svör við ákveðnum spurningum um málþroska barnanna. Hvert barn á sitt skráningarblað sem fylgir því upp í gegnum leikskólann. Ekki er um eiginlega fyrirlögn að ræða heldur leitar sá leikskólakennari sem best þekkir barnið svara við spurningunum á skráningarlistanum með því að fylgjast með barninu í leik og starfi, einnig ráðfærir kennarinn sig við annað starfsfólk.

Niðurstöður skráningarinnar eru færðar inn í hring. Hringnum er skipt í þrjú aldursbil, tveggja til þriggja ára, þriggja til fjögurra ára og fjögurra til fimm ára. Hvert aldursbil á sinn lit, t.d. á aldursbilið tveggja til þriggja ára bláan lit. Hver spurning á sinn reit og ef barnið hefur náð þeirri færni sem spurt er um, er litað í reitinn. Ef færnin er að nokkru leiti komin er skástrikað í reitinn. Ef færnin er ekki til staðar er ekki fyllt í reitinn. Þegar búið er að fylla í viðkomandi aldursbil er athugað hvort færni barnsins teygi sig í næsta aldursbil.

Spurningarnar á TRAS skráningarlistanum flokkast undir þrjú færnisvið:

- Samleikur, tjáskipti/samskipti og athygli/einbeiting.
- Málskilningur og málmeðvitund.
- Framburður, orðaforði og setningamyndun.

Niðurstöður nota kennarar síðan til að ákveða hvernig best megi stuðla að framförum hjá barninu og þær kynntar í næsta foreldrasamtali.